

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 309

september 2018



We Serve



September 2018. Blað nr. 309
 THE LION IN ICELANDIC
 Fjölumðæmi 109
 Multiple District 109 Iceland
 Opinbert málgagn Lions Clubs
 International, gefið út í umboði
 alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
 tungumálum: Dönsku, ensku,
 farsí, finnsku, flæmsku, frönsku,
 grísku, hollensku, íslensku,
 ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,
 norsku, portúgölsku,
 spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku
 og þýsku. Þrjátíu
 Lionsblöð eru gefin út í heiminum.
 Útgefandi LION á íslensku:
 FJÖLUMDÆMI 109
 Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári,
 fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í
 netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í
 netútgáfu.
 Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201
 Kópavogur er opin alla virka daga frá
 kl. 09.00 til 14.00
 Sími: 561 3122
 Fax: 561 5122
 e-mail / netfang: lions@lions.is
 Heimasíða Lions: lions.is
 Skrifstofustjóri: Kolfinna
 Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
 FJÖLUMDÆMIS 109
 Starfsárið 2018 – 2019
 Fjölumðæmisstjóri: Björg Bára
 Halldórsdóttir, Lkl. Rán.
 Umdæmisstjóri 109A: Geirþrúður F.
 Bogadóttir, Lkl. Æsa.
 Umdæmisstjóri 109B: Sigfríð
 Andradóttir, Lkl. Búðardals
 Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi
 Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.
 Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,
 Lkl. Vitaðsgjafi.
 Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Jón
 Pálmason, Lkl. Víðarr
 Vara fjölumðæmisstjóri: Ellert
 Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.
 Protokol- og þingstjóri: Kristinn
 Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.
 Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar
 Friðriksson, Lkl. Hængur.
 Kynningarstjóri: Björn Guðmundsson,
 Lkl. Hæng.
 Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,
 Lkl. Fjörgyn.

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell
 Cýrusson, Lkl. Búðardals.
 Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,
 Lkl. Vitaðsgjafi.
 GLT stjóri (menntun og
 leiðtogaþjálfun): Halldór
 Kristjánsson,
 Lkl. Ásbirni.
 GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):
 Jón Gröndal, Lkl. Njörður.
 GMT/konur í Lions: Hrunð
 Hjaltadóttir, Lkl. Fold
 GST stjóri: (verkefni) Pálmi
 Hannesson, Lkl. Garði.
 NSR-AU nefndarmaður: Jón
 Pálmason, Lkl. Víðarr
 Alþjóðaforsætli Lions: Guðrún Björt
 Yngvadóttir, Lkl. Eik.
 Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finns-
 dóttir, Lkl. Úa.
 Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
 Þorsteinsson fyrr.
 alþjóðastjórnarmaður,
 Lkl. Mosfellsbæjar.
 Hjálparsjóðsstjóri: Kristinn G.
 Kristjánsson, Lkl. Hveragerðis.
 Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís
 Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.
 Laganefnd (form.): Gissur Júní
 Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar
 LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,
 Lkl. Mosfellsbæjar.
 Lions Quest stjóri: Hrunð Hjaltadóttir,
 Lkl. Fold
 MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,
 Lkl. Eik.
 MedicAlert gjaldkeri: Margrét
 Jónsdóttir, Lkl. Fold
 MedicAlert ritari: Anna Kristín
 Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold
 Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,
 Lkl. Ylfa.
 Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín
 Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
 Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
 Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
 Skoðunarmaður (aðal): Benjamín
 Jósefsson, Lkl. Akranesi.
 Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
 Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.
 Skoðunarmaður (vara): Kristín
 Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
 Varaumðæmisstjóri 109A: Jóhanna
 Thorsteinsson, Lkl. Eir
 Varaumðæmisstjóri 109B: Bragi
 Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar
 Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:
 Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur.
 Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:
 Guðjón Andri Gylfason, Lkl. Hængur.


Fjölumðæmisstjórn:



Björg Bára Halldórsdóttir,
 fjölumðæmisstjóri. Björg
 Bára er félagi í
 Lionsklúbbum Rán. Ef
 þú þarft að hafa samband
 við hana þá er netfang
 hennar: bjorgbara@
 simmet.is



Geirþrúður Fanney
 Bogadóttir, umdæmisstjóri
 109 A. Geirþrúður er
 félagi í Lionsklúbbi Æsum.
 Ef þú þarft að hafa
 samband við hana þá er
 netfang hennar: gfb@
 ismennt.is



Sigfríð Andradóttir,
 umdæmisstjóri 109 B.
 Sigfríð er félagi í Lionsklúb
 Búðardals. Ef þú þarft að
 hafa samband við hana þá
 er netfang hennar:
 sigfrida@simmet.is

Framkvæmdastjórn
Lionsshreyfingarinnar 2018 – 2019:
 International President: Guðrún Björt
 Yngvadóttir Ísland
 Immediate Past President: Naresh
 Aggarwal Indland
 First Vice President: Jung-Yul Choi
 Suður Kórea
 Second Vice President: Haynes
 Townsend, USA
 Third Vice President: Brian E. Sheehan,
 USA

First Year Directors:
 Muhammad Adrees,
 Qazi Akram Uddin Ahmed,
 Shoichi Anzawa,
 Billy J. (B.J.) Blankenship,
 Gary F. Brown,
 Rodolfo Espinal,
 Liao-Chuan Huang,
 Jongseok Kim,
 Dr. Nawal Jugalkishor Malu,
 Geoffrey Leeder,
 Mark S. Lyon,
 Heimo Potinkara,
 JP Singh,
 Steve Thornton,
 Juswan Tjoe,
 A. Geoffrey Wade,
 Dr. Walter Zermrosser.

Second Year Directors:
 Doo-Hoon Ahn,
 Sandro Castellana,
 Hastings E. Chiti,
 William Galligani,
 Thomas Gordon,
 Nicolás Jara Orellana,
 Ardie Klemish,
 Alice Chitning Lau,
 Connie Lecleir-Meyer,
 Virinder Kumar Luthra,
 Datuk K. Nagaratnam,
 Don Noland,
 Regina Risken,
 Yoshio Satoh,
 Patricia Vannett,
 Gwen White.
 Nicholas Xinopoulos Jennifer Ware
 Jaepung Yoo

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og
 dreifing: Lionsklúbburinn Eir

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
 Forsíðumynd: Guðrún Björt Yngva-
 dóttir alþjóðaforsæti Lions.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 18. október

Að vikka sjóndeildarhringinn

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru Lionsfélagar

Það er mér sérstakur heiður að hefja þetta ár sem alþjóðaforsæti ykkar.

Einkunnarorð mín eru „Við leggjum lið“ og er ég full eftirvæntingar að sjá hverju við getum áorkað með því að sameina krafta okkar. Af nógu er að taka og ég er tilbúin að hjálpa ykkur að stíga nokkur skref út fyrir þægindarammann. Að vera Lionsfélagi þýðir ekki að við verðum að gera það sama ár eftir ár til þess eins að fylgja hefðum. Að vera Lionsfélagi felur í sér að leita leiða til þess að geta sem best orðið að liði. Stundum þarf útsjónarsemi til ef upp koma vandamál sem þarf að leysa. Ef það vefst

fyrir ykkur á einhvern hátt, þá er ég tilbúin til að hjálpa ykkur.

Hér eru nokkur atriði sem mig langar til að við einbeitum okkur að í ár:

Félagamál. Þau eru ofarlega í hugum allra. Ekki bara hvernig á að laða að nýja félagana, heldur einnig hvernig við höldum í félagana sem fyrir eru og hvernig við byggjum upp leiðtoga sem geta leitt starfið á nýrri öld. Ein leiðin er jöfn félagsaðild fyrir fólk af báðum kynjum og fólk með ólíkan bakgrunn sem getur nýtt lífsreynslu sína til góðs í því þjónustustarfi sem við vinnum.

Vinátta. Félagsskapurinn hefur alltaf verið hluti af upplifuninni að vera Lionsfélagi. Við viljum ekki missa sjónar á mikilvægi þess að mynda vináttusambönd í lionsstarfinu. Ekkert tengir fólk nánari böndum en að vinna í sameiningu við að hjálpa öðrum. Já, það er mikil vinna framundan ef markmið okkar að þjóna 200 milljón manns árlega á að nást. Við verðum að skipuleggja og skilgreina starfið betur og beita meiri útsjónarsemi í því hvernig við nálgumst vandamál. En samt megum við ekki gleyma gleðinni, að hafa gaman.

Að lokum. Mig langar að endurvekja list sem hefur glatast, það er frásagnarlistin. Þegar

klúbburinn ykkar hefur lokið við þjónustuverkferni, gefið ykkur þá smá stund til þess að skrifa niður verkferlið. Hverjum lögðuð þið lið? Hversvegna? Hvað gerði það að verkum að þið réttuð fram hjálparhönd á þennan hátt? Það er í gegnum frásagnir sem þessar sem við tengjum og lærum. Ef við miðlum þessum sögum til annarra sem vilja leggja lið, getum við margfaldað möguleika okkar til breytinga. Kæru Lionsfélagar, ég hlakka til þess að vera nýr forsæti ykkar. Ég er reiðubúin að leggja mitt af mörkum til þess að við náum öll að vikka sjóndeildarhringinn á þessu ári þegar við leggjum lið í sameiningu.

Ykkar einlæg,

*Guðrún Yngvadóttir
alþjóðaforsæti,
Lions Clubs International
(Þýð. Edda J. Briem)*



Ritstjórargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er fyrsta tölublað þessa starfsárs komið út sem verður bæði prentað blað og netblað. Hægt er að lesa þetta blað á heimasíðu Lions á Íslandi eins og öll önnur blöð okkar. Í fyrsta sinn í sögu hreyfingarinnar hér á Íslandi er umdæmisráð skipað konum eingöngu og eins er alþjóðaforsæti kona og íslensk í þökkabót. Kynning á Guðrúnu Björt Yngvadóttir alþjóðaforsæti er í þessu blaði.

Þó að þetta blað sé hefðbundið fyrsta blað starfsársins þá er í því kynning á könnun sem umdæmisráð ætlar að senda út til allra félagsmanna vegna dreifingu á blaðinu. Ég bið ykkur um að kynna ykkur þetta vel og svo verður það á ábyrgð formanna og ritara klúbbanna að leggja þetta fyrir og skila niðurstöðum til ritstjóra. Sú aðferðarfræði við dreifingu sem

nú er ekki að ganga upp þar sem blöð berast illa eða ekki til félagsmanna. Það er þó alveg ljóst að ekki verður farið út í það aftur að senda blöðin til félagsmanna á kostnað hreyfingarinnar því það er of kostnaðarsamt. Lesið þessa grein og svarið heiðarlega þegar könnun berst ykkur.

Ritstjóri auglýsti eftir klúbbi til að sjá um þökkun þar sem Lkl. Úa sem hefur séð um hana baðst undan því. Það var nú á haustmánuðum sem konur í Lkl. Eir höfðu samband við mig og ætla að taka þetta að sér og kann ég þeim bestu þakkar fyrir. Um leið þakka ég Úunum fyrir vinnuna í kringum þökkun á blaðinu.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Ég þakka öllum þeim sem hafa sent greinar í blaðið að þessu sinni og óska öllum félögum góðs gengis í störfum sínum í vetur bæði í lionsstarfinu sem og öðrum.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þórkell Cýrusson ritstjóri

Guðrún Björt Yngvadóttir alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar – Kynning

Guðrún Björt Yngvadóttir sem er frá Garðabæ, Íslandi, var kjörin til að gegna embætti alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar á 101. alþjóðafundi hennar sem haldið var í Las Vegas Nevada í Bandaríkjunum 29. júní til 3. júlí 2018.

Guðrún sem er lífeindafræðingur að mennt hefur unnið við rannsóknir, kennslu og stjórnun. Frá árinu 1990 starfaði hún við Háskóla Íslands sem aðstoðarrekktor hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Guðrún er félagi í Lionsklúbbum Eik í Garðabæ og hefur starfað í honum frá 1992. Hún hefur gengt flestum þeim embættum sem til er að dreifa í hreyfingunni þar á meðal umdæmisstjóri og fjölumdæmisstjóri. Hennar áherslur innan hreyfingarinnar hafa beinst að börnum og ungu fólki, félagamál, leiðtogamál, heilsa og vellíðan þar á meðal sjónvernd og sykursýki, umhverfismál og alþjóðahjálparstöður Lionshreyfingarinnar (LCIF)

Guðrún Yngvadóttir alþjóðaforseti var alþjóðastjórnarmaður frá árinu 2010 til ársins

2012 í leiðtoga nefndinni, sem nefndarmaður á öðru ári; 2011-2013 í kvennanefndinni, hún var síðan tilnefnd af alþjóðastjórn í umdæmis- og klúbbanefnd; og 2013-2014 í LCIF Governance Ad Hoc Committee.

Hún hefur fengið margar viðurkenningar fyrir störf sín í hreyfingunni m.a. Kjarans orðuna sem er æðsta orða íslensku hreyfingarinnar; the Lions Crystal, sem er æðsta orða norsku hreyfingarinnar; nokkrar féлага og fjölgunar viðurkenningar; 11 alþjóðaforseta viðurkenningar; og Ambassador og Good Will Award, sem eru æðsta viðurkenning alþjóðahreyfingarinnar. Hún er er líka Progressive Melvin Jones Fellow (margfaldur Melvin Jones félagi).

Auk starfa sinna hjá Lions þá hefur Guðrún verið virk í mörgum öðrum störfum m.a. í Félagi lífeindafræðinga og hefur verið í samstarfi þar á milli lífeindafræðinga frá Skandinavíu og annarra Evrópu ríkja.

Guðrún og eiginmaður hennar dr Jón Bjarni Þorsteinsson, sem er fyrrverandi alþjóða-



stjórnarmaður í Lions og Progressive Melvin Jones félagi, eiga einn son, eina dóttur og sex barnabörn.

Þýðing: Þorkell Cýrusson

Svæðisstjóri - svæði 4 í 109 A

Lionsstarf á svæði 4 í 109 A (Árnessýslu og Vestmannaeyjum) er hafið þetta starfsárið.

Laugardaginn 1. september sl. boðaði undirritaður svæðisstjóri á svæði 4 í A umdæmi til fundar í félagsheimilinu Árnesi. Hann var ekki beint hefðbundinn. Kalla má fundinn í senn hópefli. Þarna kom saman góður hópur formanna af svæðinu, auk Jóns Pálmasonar GMT (félagafulltrúa) og Jónasar Ásgrímssonar varaumdæmisstjóra 109A.

Um hádegisbil héldum við til óbyggða og hétum förlinni að fossinum Dynk í Þjórsá. Leiðsögumaður hópsins var Sigurður Páll Ásólfsson. Var þetta um 5 klst ferðalag að hluta um vegleysu. Í bakaleiðinni var ekið niður Þjórsárdal og komið að Gjánni. Það var samdóma álit hópsins að Dynkur væri ægífaður. Nafn nýjasta ionsklúbbsins á svæðinu dregur nafn sitt af fossinum.

Síðla dags var komið að nýju í Árnes og þar tekinn góður fundur um viðfangsefni klúbba á svæðinu.

- Jón Pálmason flutti áhugavert erindi um skipulagningu félagafjölgunar. Af því spunnust umræður um þörfina á skipulagningu félagafjölgunar, móttöku nýrra féлага og gæslu og umhyggju fyrir núverandi klúbbfélögum.
- Skipun féлага í stjórnir bar á góma fundarmanna og þörfina á að gera það í tæka tíð.
- Rætt var um fjáraflanir klúbba, en skemmtanir og tónleikar eru hjá flestum klúbbunum fyrirferðarmest í þeim efnum.
- Kynjablöndun klúbba komst til tals og sýndist sitt hverjum í þeim efnum.
- Svæðisstjóri mun leggja mikið uppúr góðum tengslum klúbba á svæðinu á nýbyrjuðu starfsári. Lagði hann áherslu á að hann myndi leggja sig fram um að vera til staðar fyrir klúbba og leggja þeim lið eftir þörfum.
- Ákveðið var að halda næsta svæðisfund seinnipartinn í október. Þá einn í janúar og þann síðasta í Vestmannaeyjum í lok mars.

- Undirritaður hefur mikla trú á að opnun starfsárs með þessum hætti muni skila sér í öflugum starfi og góðri samheldni og auknum tengslum milli klúbba á svæðinu.

Kristófer Tómasson svæðisstjóri félagi í Lionsklúbbum Geysi og umdæmisstjóri á árum áður.



Fjölumdæmisstjóri

Björg Bára Halldórsdóttir

Fjölumdæmisstjóri



Til hamingju Lions! Til hamingju Ísland!

Við eigum alheimsforseta. Við erum að upplifa söguleg tímamót í Lionssögunni. Fyrsti Íslendingurinn Guðrún Björt Yngvadóttir úr Lionsklúbbum Eik er orðin alheimsforseti Lions og er hún jafnframt fyrsta konan í 101 árs sögu Lions sem gegnir þessu embætti, reyndar hafa einungis 8 forsetar verið frá Evrópu hingað til. Íslenskt Lionsfólk er að springa úr stolti!

Eins og ég hef sagt áður þá er leiðin að þessu embætti búin að vera henni löng og ströng, hún

Guðrún vaknaði ekki bara einn daginn og ákvað að verða alheimsforseti Lions. Hún er komin þangað vegna sinna eigin verðleika og ómældrar vinnu. Við sem hana þekkjum vitum hvað hún hefur þurft að fórna miklu af sínum tíma og orku í Lionsstörf en í hennar huga er það auðvitað engin fórn heldur hennar ákvörðun og sýnir það hennar karakter og stóra Lionshjarta.

Það var mjög ánægjulegt að fylgjast með henni á þinginu í Las Vegas þar sem hún nýtur mikillar virðingar. Hún gekk um sviðið eins og hún hefði ekki gert annað, allt fumlaut og smurt og hitti beint í mark. Hún átti sviðið! Eins og við vitum þá er Guðrún sterkur leiðtogi, full af eldmóði og hrífur fólk til góðra verka og það gerði hún svo sannarlega í Vegas. Við óskum Guðrúnu til hamingju með embættið og hlökkum til að fylgjast með hennar störfum.

Starfsárið 2018-2019. Áherslan verður á félagamálin, öllum félögum þarf að líða vel í Lions. Vel tókst til við endurreisn Eirar og Lkl. Blönduóss síðasta vetur og vonum við að áfram verði hægt að styrkja veika klúbba og jafnvel stofna nýja. Rekstur Lions var hallalaus síðasta ár og er áfram stefnt að aðhaldi og hallalaus-unum rekstri.

Við eigum mikinn fjölda af dugmiklu Lionsfólki sem mun vinna að verkefnum okkar í

vetur en þar ber hæst Blóðsykurmælingar í haust og Rauð fjöður og alþjóðastjórnarfundur í apríl.

Unglingabúðir voru í júlí í Borgarnesi og Mosfellsbæ sem tókust einstaklega vel, þeir sem að þeim stóðu með Braga Ragnarsson í forystu eiga miklar þakkir skyldar.

Orkester Norden, synfóníuhljómsveit ungs fólks er eitt af þeim verkefnum sem Lions á Íslandi styrkir og hélt hlómsveitin tónleika í Hörpu í ágúst í fyrsta sinn síðan 1998. Glæsilegir tónleikar þar sem Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari var gestaspilari en hann er einn af þeim ungmönnum sem spilað hefur með ON á vegum Lions á Íslandi.

Ágætu félagar höldum áfram okkar góða starfi og byggjum upp anda vináttu í klúbbum okkar, hvert og eitt og öll saman, það mun verða okkur til góðs.

Með vináttu leggjum við lið!



Minning + Arnrún Antonsdóttir



Arnrún Antonsdóttir, félagi í Lionsklúbbum Seylu er látin. Hún lést á sjúkrahúsi í Berlín 23. maí s.l. eftir skammvinnu veikindi.

Adda, eins og hún var alltaf kölluð, fæddist í Reykjavík 24. september 1958 og var því aðeins 59 ára er hún lést.

Þann 7. ágúst 1982 giftist Adda Ingva Þór Sigfússyni, félagi í Lkl. Álftaness. Börn þeirra eru Anton Línal f. 23. febrúar 1978, Þórður Guðni, f. 2. september 1979 og Svanlaug, f. 28. júní 1981, d. 22. september 2016.

Adda var órjúfanlegur hluti af þeim hópi sem stofnaði Lionsklúbbin Seylu vorið 2012. Adda var einstakur félagi og vinur. Viljug til verka, hreinskilin, glöð og uppfull af skemmtilegum hugmyndum við hvert tilefni.

Félagar Öddu í Lionsklúbbum Seylu kunna henni miklar þakkir fyrir

virgni og velvilja. Á nýliðnu starfsári var hún síðameistari og í skemmtinefnd. Bæði þessi hlutverk leysti hún vel af hendi og nutum við félagar hennar í Seylu góðs afkímnigáfu hennar og hnittni. Áður hafði hún verið gjaldkeri og á komandi starfsári var Adda búin að taka að sér varaformennsku.

Andlát Öddu er reiðarslag fyrir alla sem hana þekktu. Missir Ingva og fjölskyldunnar er mikill og sendum við þeim öllum okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Öddu verður sárt saknað og ávallt minnst með hlýhug.

F.h. Lionsklúbbsins Seylu
Alda Lára Jóhannesdóttir



Leikskólaverkefnið samstarfsverkefni

Lions gerist dreifingaraðili að læsishvetjandi efni frá Menntamálastofnun

Nú er leikskólaverkefnið farið af stað

Fyrsta afhending fór fram 23. ágúst síðastliðinn til leikskóla í Grafarholttinu. Sá skóli varð fyrir valinu þar sem enginn lionsklúbbur er þar ennþá.

Skemmtileg athöfn og vel undirbúin bæði af leikskólastjóra og starfsfólki sem tók sérlega vel á móti okkur. Við vorum óvenju mörg, mennta- og menningamálaráðherra var viðstödd, nokkrir fulltrúar Menntamálastofnunar, alþjóðaforseti Lions, fjölumdæmisstjóri Lions og umdæmisstjórinn í 109 B, ásamt lestrarátakssteyminu og myndasmiði.

Börnin sungu og léku. Leyfi var fengið fyrir myndatöku á staðnum.

Við hvetjum klúbba til að fá leyfi fyrir myndatöku og að senda okkur í Lestraráttakinu, gaman væri einnig að fá sögur frá ykkur af afhendingunni.

Nú eru flestir klúbbar búnir að fá pakka til að úthluta til leikskóla í nærsamfélaginu.

Við hvetjum félagi til að hafa samband við leikskólastjóra í skólunum sem þeim hefur verið úthlutað og finna út bestu leiðina sem hentar bæði leikskólunum og klúbbum. Einnig ef klúbbar vilja gera meira úr verkefninu og gera það sýnilegra er þeim það frjálst.

Nokkrir pakkar verða sendir í pósti til þeirra leikskóla þar sem enginn lionsklúbbur er eða of langt fyrir klúbba að heimsækja.

Við viljum þakka þeim fulltrúum sem tóku pakka með sér til klúbba út á land af fjölumdæmis- og umdæmafundum þann 25. ágúst síðastliðinn. Það flýtir fyrir að verkefnið geti byrjað og sparar kostnað við dreifingu.



Markmiðið er að fyrir lok 1. nóvember verði allir leikskólar komnir með pakkana sína

Tilgangurinn með verkefninu „Þjóðarsáttmáli um læsi“ er að efla læsi og þar sem Lions er þátttakandi í því verkefni gleðjumst við yfir að færa leikskólunum þessi skemmtilegu verkfæri í hendurnar.

Menntamálastofnun hefur sent öllum leikskólastjórum landsins bréf með undirskrift fulltrúa þeirra og lestrarátaksstjóra Lions með útskýringum á verkefninu.

Smá saga af afhendingu

Leikskólar í Fjallabyggð hafa fengið pakkana sína afhenda þegar þetta er skrifað. Þar var framkvæmdin þessi. Viðtal við leikskólastjóra, fundinn tími sem hentaði og hvernig best væri að afhending færi fram.

Á Siglufirði var söngstund hjá börnunum, allar deildar frá yngstu börnum upp í þau elstu komu saman á sal og sungu. Í lokin var afhending pakkans til skólans, leikskólastjórinn kynnti fulltrúa Lions sem tók síðan við og spjallaði stutt við börnin, sýndi þeim hvað væri í pakknum og afhendi síðan leikskólastjóranum hann.

Á Ólafsfirði var eldri deildin að koma úr íþróttastund og mættu kát og fjörug í sal. Báðar þessar heimsóknir voru einstaklega skemmtilegar og gefandi og tóku ekki langan tíma.

Gangi ykkur vel kærur Lionsfélagar og verðið endilega í sambandi.

Með Lionskveðju,

Lestraráttak Lions.

Dagný Finnsdóttir Lestraráttaksstjóri 109

Jórunn Guðmundsdóttir Lestraráttaksfulltrúi 109 A

Hrund Hjaltadóttir Lestraráttaksfulltrúi 109 B



Umdæmisstjóri 109A

Geirþrúður Fanney Bogadóttir

Umdæmisstjóri 109A



Kæru félagar,
Velkomin til starfa á nýju starfsári sem er og verður afar sérstakt fyrir okkur, íslenska lionsfélaga, þar sem alþjóðaforseti Lions kemur nú úr okkar hópi. Heillaóskir til Guðrúnar Bjartar og allra lionsfélaga. Í ljósi þessarar stöðu gefst okkur einstakt tækifæri til að kynna lionsstarfið hér heima – tækifæri sem við skulum öll hjálpast að við að nýta til hins ítrasta.

Félagamál

Umdæmisstjórum er gert að setja sér markmið og við stýrnurnar í A og B ákváðum að vinna markmiðin okkar sameiginlega, þó einhvern áherslumun sé að finna í einstökum atriðum. Það sem vegur þyngst í báðum umdæmum eru félagamál.

Þann 1. júlí voru félagar í A-umdæminu 1248 en fækkaði niður í 1243 þegar leið á mánuðinn. Til að umdæmi sé löggilt þarf 1250 féлага svo það var ekki um annað að ræða en láta hendur standa fram úr ermum.

Jónas Yngvi, 2. varaumdæmisstjóri, reyndist vera með 3 væntanlega féлага á svæði 4. Jóhanna, 1. varaumdæmisstjóri, átti von á 2 félagum í Eir. Brynja Vigdís, ungmennaskiptastjóri, var með væntanlegan féлага í Æsu og síðan fóru Ólöf, formaður í Eden í Hveragerði og hennar félagar, á flug og bættu við 3

félagum. Á rúmum 2 sólarhringum náðum við inn 9 félagum, 7 konum og 2 körlum og enduðum í 1252 félagum 31. júlí. Þakkir til ykkar sem þarna komu að verki og velkomin í Lions, kæru nýju félagar.

Við megum ekki sofa á verðinum. Félagamálín eru á ábyrgð okkar allra! Hver einasta stjórn þarf að setja sér markmið varðandi félagafjölgun í klúbbnum. Flestir ganga í Lions af því að þeim er boðið á fund, þ.e. frumkvæðið kemur frá virkum lionsfélaga. Verum öll dugleg að tala um lionsstarfið út á við, bjóða með okkur á fundi og viðhalda áhuga félaganna með vináttu, áhugaverðum fundum og góðum verkefnum.

Skýrsluskil

Ég vil þakka klúbbum sem skila skýrslum á tilsettum tíma og um leið skora á þá klúbba sem ekki sinna þessum mikilvæga þætti í starfinu, að bæta um betur.

Með nútímatækni eru skýrsluskil fljótlegt og einfalt verk. En leiki einhver vafi á hvernig skuli bera sig að er alltaf hægt að leita ráða, t.d. hjá fyrrverandi ritara, öðrum félagum í klúbbnum eða á skrifstofu Lions.

Það hefur reyndar stundum komið upp í umræðunni að það gæti verið gott að klúbbar skipuðu sérstaka skýrsluritari og þá til nokkurra ára í senn. Viðkomandi, sem yrði að hafa all góða tölvukunnáttu, myndi alfarið sjá um að skila verkefna- og mánaðarskýrslunum fyrir klúbbinn.

Gleraugsöfnun

Við umdæmisstjórnarnir settum okkur það markmið undir liðnum sjónvernd, að safna meðal lionsfélaga og fjölskyldna þeirra gömlum gleraugum, sem komin væru úr notkun og koma þeim til þurfandi fólks erlendis. Í janúar vorum við í Kaupmannahöfn á námskeiði fyrir verðandi umdæmisstjóra og þar var rætt um áþekkt verkefni, sem Danir höfðu staðið fyrir. Til athugunar er hvort við gætum farið í samvinnu við þá.

Tíminn líður hratt! Október-mánuður er tileinkaður sjónvernd og við biðjum alla lionsfélaga að leggja þessu málefni lið, athuga ofan

í skúffu hvort ekki leynist þar gömul gleraugu, sem yrðu glöð að komast í notkun hjá nýjum eiganda.

8. október og 8. mars

Í tengslum við „NewVoices“ verða tveir dagar á þessu starfsári lykildagar hvað varðar sýnileika kvenna í Lions. Dagarnir eru 8. október og 8. mars.

Konur í Lions eru hvattar til að vekja sérstaka athygli á verkefnum sínum þessa daga. Af nógu er að taka og það er ekki vafi á því, að ef konur í hreyfingunni vinna markvisst að því að verkefni þeirra verði sýnilegri, mun það skila tilætluðum árangri, sem er að konum í Lions fjölgi.

Stefna Guðrúnar Bjartar alþjóðaforseta er að jafna hlutfall kvenna og karla í lionshreyfingunni. Með stöðugu samstilltu átaki verður það að veruleika fyrir en varir.

Góðir félagar.

Það vex og dafnar sem hlúð er að. Lions er í okkar höndum.

Lionskveðja.

Björgum börnum frá mislingum

Umdæmisstjóri 109B

Sigfríð Andradóttir

Umdæmisstjóri 109B



Á gætu lionsfélagar,
Um leið og ég býð ykkur velkomin til starfa starfsárið 2018 – 2019 vil ég óska ykkur lionsfélögum til hamingju með nýja alþjóðaforsetann okkar hana Guðrúnu Björt. Það voru stoltir Íslendingar sem gengu fylltu liði undir lúðrablaestri og veifuðu íslenska fánanum við innsetningu hennar í embættið. Þetta var ógleymanleg stund og vil ég hvetja ykkur lionsfélagar góðir að halda þessu á lofti við alla og auglýsa þar með íslensku lionshreyfinguna.

Félagamál


Um síðustu „áramót lionshreyfingarinnar“ þann 1. júlí voru félagar í umdæmi 109 B aðeins 889 en við þurfum að vera 1250 til að teljast fullgilt umdæmi. Hafði okkur fækkað þrátt fyrir mikla fjölgun í sumum klúbbum og munaði þar miklu um að Lkl. Skagastrandar hætti og skráðust þar með 10 félagar á einu bretti út úr hreyfingunni. Kom þetta okkur mjög á óvart, við vissum að klúbburinn væri tæpur en ekki svona mikið. Í framhaldi af þessu vil ég biðja ykkur klúbba sem eru veikir fyrir að hafa samband við ykkar svæðisstjóra sem í framhaldinu gæti komið til aðstoðar við að hugsa dæmið upp á nýtt í samfloti við GMT fulltrúann og umdæmisstjóra. Þetta á líka við ykkur klúbba í A-umdæminu.

Skýrsluskil

Eins og kemur fram í greininni sem Geirþrúður umdæmisstjóri í A umdæminu skrifar þá skiptir miklu máli að skila skýrslum á réttum tíma bæði mánaðarskýrslum svo og verkefnaskýrslunum. Yfirleitt standa ritara sig vel með mánaðarskýrslurnar en nokkur brögð eru á því að verkefnaskýrslum sé ekki skilað. Gerum bót á því.

Nýtt app

Nú hefur verið búið til app fyrir ritara til að skila verkefnaskýrslunum sem heitir MyLion. Frá og með 1. júlí 2019 mun einungis vera hægt að nota það. Þess vegna er mikilvægt að klúbbar skipi (skýrsluritari) sem er klár að nota farsíma, Ipada og/eða tölvur. Það þarf að hala niður appi sem heitir MyLion. Þegar að þið gerið það í símanum farið þið inn á síðuna www.mylion.org og notið það sem við á fyrir ykkar síma/tölvu. ATHUGIÐ þið þurfið að vita félaganúmerið ykkar hjá Lions þannig að hafið samband við ritara í klúbbnum ykkar, hann er með ritara aðganginn og getur farið inn og fundið það þar. (sjá mynd)



Ef þið skoðið vídeoið á þessum link sjáið þið fræðslu um það hvernig hægt er að nota það til að skrá inn skýrslur.



Appið lýtur svona út þegar að það er komið á skjáinn á símann/Ipaddin.

Einnig er komið app fyrir lionsblaðið okkar og þar farið þið inn á Play store eða app store, leitið að „lion magazine iceland“ og þá á að birtast Lion Magazine Ísland sem hlaðið er niður og þá koma þau blöð sem komin eru út þar. Á þetta merki vantar íslenska fánarönd neðst á merkið og að það standi Ísland fyrir neðan.

Með lionskveðju
Sigfríð Andradóttir
Umdæmisstjóri 109 B

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Campaign 100 –

Nýtt alþjóðlegt söfnunaráttak LCIF

Kristinn Hannesson

Protokol- og þingstjóri, Lkl. Mos



Alþjóðþingi Lionshreyfingarinnar var samþykkt tillaga alþjóða hjálparsjóðsins þess efnis að hefja nýtt alþjóðlegt fjáröflunaráttak, áttak sem stefnir á 300 milljónir dollara á þrem árum. Kannski stór upphæð en alls ekki óraunhæf.

Eins og áður hefur komið fram þá var með nýrri framtíðarstefnumótun hreyfingarinnar ákveðið að fimm málefni verði sett á oddinn.



- > Barátta gegn sykursýki
- > Barátta fyrir bættu umhverfi
- > Barátta gegn hungri
- > Barátta gegn blindu
- > Barátta gegn krabbameini barna.

Í öllum tilfellum var talað um að undirliggjandi áhersla væri á börn og ungmenni

Þetta varð niðurstaðan úr rafrænni könnun sem gerð var meðal stórs hluta Lionsfélaga um allan heim 2015.

Stjórn alþjóðahjálparsjóðsins varð strax ljóst að til þess að ná árangri í þessum málaflökkum yrðu að vera til peningar. Því var gerð ný rafræn könnun sem sýndi að 83% Lionsfélaga sérstaklega, var fylgjandi nýju alþjóðlegu söfnunaráttaki með 300 milljónir dollara markmiði.

Það kom reyndar ýmislegt annað fram í þeirri könnun.

72% voru tilbúin til að styðja LCIF með persónulegum framlögum. 80% voru tilbúin til að vera í forsvari fyrir áttakinu sem verkefnisstjórar. 86% voru tilbúin til að hvetja aðra Lionsfélaga til að styðja LCIF með persónulegum framlögum.

Klúbbar sem leggja þessu áttaki lið geta eyrnamerkt sín framlög til einhvers af þessum verkefnum. Sé það ekki gert fer framlagið þangað sem þörfin er mest.

Að sjálfsögðu verður málefnum eins og náttúruhamförum og alls konar neyðarhjálp áfram sinnt.

Ekki má heldur gleyma að nefna að baráttan gegn mislingum heldur að sjálfsögðu einnig áfram.

LCIF teymi fjöllumdæmisins á Íslandi hefur sett sér ákveðin markmið sem ættu alls ekki að vera nein ofraun. 432.000 dollarar á þrem árum. Það jafngildir 180 dollurum fyrir hvern féлага. 60 dollara á ári í 3 ár.

Til viðmiðunar má geta þess að í Campaign SightFirst II áttakinu sem stóð yfir árin 2005 – 2008 lögðu íslenskir Lionsfélagar fram 243 dollara fyrir hvern féлага.

Campaign 100 leggur til fjórar megin leiðir til fjáröflunar.

- > Klúbbar haldi sérstakar fjáraflanir af þessu tilefni og reyni með þeim hætti að vekja aukna athygli á þeim verkefnum sem hreyfingin stendur fyrir á alþjóðlegum vettvangi.
- > Klúbbfélagar taki sjálfir þátt í söfnuninni með persónulegu framlagi og sýni þannig gott fordæmi.
- > Styrktarsjóðir klúbbanna leggi áttakinu lið.
- > Leitað verði eftir styrkjum frá fyrirtækjum.

Margir spyrja af hverju er verið að fara í okkar eigin vasa. Svarið er eiginlega einfalt. Flest



okkar eru að styrkja ýmis önnur góðgerðarsamtök. Af hverju ekki að styrkja okkar eigin hjálparsjóða líka. Það er hægt að gera með ýmsum hætti. Afþökkum afmælisgjafir, gefum öðrum afmælisgjafir í formi styrkja til LCIF. Sendum afmælisskveðju í gegnum LCIF.

LCIF teymið hvetur Lionsfélaga og klúbba til að láta ekki sitt eftir liggja.

Framlög okkar á Íslandi hafa mikla þýðingu fyrir hjálparstarf Lionshreyfingarinnar, en ekki síður er árangur okkar mikilvægur til stuðnings Guðrúnu og hennar starfi sem alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar.

Sýnum í verki hve sterk við íslenskir Lionsfélagar raunverulega erum.



Alþjóðafingið í Las Vegas



Alþjóðafingi Lions var haldið í Las Vegas USA í byrjun júlí síðastliðið sumar. Það má með sannri segja að þetta þing hafi verið ákaflega merkilegt fyrir okkur Íslendinga því þar var Guðrún Björt Yngvadóttir úr Lionsklúbbnum Eik í Garðabæ sett í embætti alþjóðaforseta hreyfingarinnar fyrst Íslendinga. Þess má einnig geta að hún er fyrsta konan í rúmlega hundrað ára sögu lionshreyfingarinnar til að hljóta þetta kjör. Íslenskir lionsmenn fylgdu henni við þetta tækifæri út til Las Vegas og voru íslenskir gestir 114 talsins sem er frábært, enda ekki á hverjum degi sem við eignumst alþjóðaforseta. Þingið var að öðru leiti hefðbundið með skólunum sem umdæmisstjórnarnir okkar, Geirprúður Fanney Bogadóttir 109 A og Sigfríð Andradóttir 109 B sóttu. Síðan tóku við þrír þingdagar þar sem ýmislegt skemmtilegt og ekki eins skemmtilegt fór fram. Hátiðindur þessara þingdaga var síðan á lokadeginum þegar Guðrún Björt var sett í embætti. Nú er hafið starfsár Guðrúnar Bjartar sem endar í byrjun júlí á næsta ári en þá er hennar alþjóðafingi og eru Íslendingar þegar farnir að skipuleggja ferð þangað og er grein í þessu blaði þar sem kynnt er ferðatilhögun til Milanó á Ítalíu sem er auðveldara ferðalag fyrir okkur Íslendinga og er ég þess fullviss að margir munu koma á það þing. Myndirnar sem fylgja þessari grein voru teknar af Sven Due Mikaelson ritstjóra danska lionsblaðsins og Porkeli Cýrussyni ritstjóra þess íslenska. Ég kann Sven Due miklar þakkir fyrir afnot af myndum hans.

Þorkell Cýrussón ritstjóri





Hin hliðin á Las Vegas

Eins og flestum er kunnugt fór stór hópur Íslendinga vestur um haf á Alþjóðarþing LIONS. Eins og við var að búast skartaði borgin öllum sínum skrautfjöðrum og mikil upplifun að heimsækja alþjóðþingið og borgina sjálfa. En ástæða þess að ég ákvað að leggja nokkur orð til er ekki vegna ágæti Alþjóðarþingsins sjálfs og þeirra stórviðburða sem þar áttu sér stað fyrir okkur Íslendinga. Heldur er ástæðan sú að þarna líkt og á flestum byggðum bólum heimsins er velsældarkökunni misskipt því þar á fjöldi manna og kvenna um sárt að binda og býr við sára fátækt. Í raun gleymum við, sem búum í velsældinni, því oft að það eru margir sem ekki eiga í sig í né á. Þar var ég engin undantekning.

Við undirbúning minn fyrir ferðina mína til Las Vegas fór ég yfir það sem var í boði rakst ég á þjónustuverkefni sem þátttakendum alþjóðþingsins bauðst að taka þátt í. Þar á meðal var sjálfbóðaliðsvinna í súpueldhúsi hjá hjálpar samtökum sem kalla sig „Las Vegas Rescue Mission“ og reka meðferðarheimili og hjálparmiðstöð. Í sjálfu sé voru ekki aðrar upplýsingar um verkefnið aðrir en þær að það fæli í sér að standa í þrjá tíma og uppfæra mat til bágstaddra. Ég sló til og skráði mig í verkefnið og hugsaði „Af hverju ekki að leggja lið, það er jú í anda Lionshreyfingarinnar“.

Þegar kom að því mæta í verkefni vildi nú ekki betur til en ég rétt missti af rútunni sem átti að flytja mig í hjálparmiðstöðina, enda fjarlægðirnar innan risavaxins skrauthótelsins eitthvað sem ég mun seint gleyma. En ég var staðráðinn í því að taka þátt í verkefninu og tók leigubíl og rétti honum miðann með heimilisfanginu og brunað var af stað. Þegar við fórum að nálgast hjálparmiðstöðina fór bílstjórinn að verða órólegur og fór að spyrja mig hvort ég væri alveg viss um að heimilisfangið sem ég lét hana hafa væri rétt. Fljótlega fór ég að sjá að við vorum komnir inn í hrörlegt hverfi og þegar við komum á leiðarenda sagði bílstjórinn við mig. „Hér get ég ekki látið þig út úr bílnum, hverfið er einfaldlega ekki öruggt fyrir þig“. En staðfesta mín um að hitta á Lions fólkið sem hafði farið á undan mér var alger og ég bað hann um að koma mér á leiðarenda þótt ég sjálfur væri farin að fá bakþanka. Því allt í kringum miðstöðina mátti sjá að alls kyns fólk sem var að koma að og jafnvel mátti sjá fólk liggja á pappaspjöldum meðfram girðingunni sem umvafði miðstöðina. Þarna var neyðin mér sýnileg.

Eftir nokkuð þras við öryggisvörðinn í hliði miðstöðvarinnar var mér hleypt inn og ég fann hópinn sem ég hafði misst af og verið var að fara yfir hlutverk okkar í kvöldverðinum. Þar var okkur sagt að við mættum búast við fólki



með ólíkan bakgrunn og ólíkan vanda. Þarna máttum við eiga vona á heimilisláusum, geðfötludum og einstæðum mæðrum. Það sem kom mest á óvart var að þau tjáðu okkur að þau sinntu jafnframt einstæðum feðrum, eina miðstöðin í öllu fylkinu þar sem þeir væru velkomnir. Af því loknu vorum við kynnt fyrir starfsmönnum eldhússins sem öll áttu sína sögu og höfðu fengið hjálpar frá miðstöðinni til að koma undir sig fótum og litu á vinnu sína sem hluta af bataferlinu. En stærstu fyrirmælin voru þó þau að við yrðum að koma vel fram við þetta fólk og láta því finnast að það væri velkomið og brosa til þess. Brosið kostar jú ekkert en þetta fólk hefur líklega verið hrakið allan daginn, hvergi verið velkomið og legið undir fúkyrðum.

Þegar salarkynni voru opnuð kom fólkið í ákveðinni röð í salinn. Fyrst einstæðar mæður og einstæðir feður svo hreyfihamaðir og svo aðrir. Þar fengu þau aðgang að ávaxtabar og brauðbar, vörur sem höfðu verið fengnar frá verslunum og voru á leið í rusl. Síðan var þeim færður vel útlátin matarbakki sem innihélt þrjú rétti. Kjúkling, samloku og kjötkássa. En áður en borðhald hófst var farið með borðbæn

fyrir fólkið, enda miðstöðin rekin af kristnu trúfélagi. Ég fékk það hlutverk ásamt þremur öðrum að taka á móti bökkunum eftir að þau höfðu lokið við að borða og hreinsaði af þeim og kom þeim í uppvaskið. Ég hefði vart trúað því áður en ég kom þarna hversu mikið þakklæti fólkið sýndi okkur og brosið lék um varir þess þegar það var leyst út með vatnsflösku þegar það yfirgaf matsalinn, út í krefjandi hitann.

Það var ekki laust við það að verkefnið hafi komið mér á óvart og ég er svo þakklátur fyrir að fá að kynnast þessari hlið mannlífsins. Nokkuð sem við hér á Íslandi þekkjum vart en er svo ótrúlega nærri. Nú rétt rúmum tveimur mánuðum síðar hugsa ég enn til þeirra og því frábæra starfi sem þarna er innt af hendi og er án nokkurs efa í mínum huga hápunktur í annars skemmtilegri ferð á Alþjóðarþing Lions í Las Vegas. Hvað snertir Lionshjartað meira en að geta lagt lið í jafn þörfu verkefni sem þessu. Hugsum um það. Við leggjum lið!

Guðjón Andri Gylfason
annar varaumráðsmeistarinn 109 B

Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Ipad í sjúkrabílinn

Lionsklúbbur Ólafsvíkur færði HVE í Ólafsvík Ipad og festingu til notkunar í sjúkrabílinum um miðjan júní. Búið er að taka Ipadana í notkun og að sögn sjúkrabílstjóra er þetta bylting fyrir þá þar sem nú geti þeir fengið allar upplýsingar frá neyðarlínu beint í Ipadinn. Mun það einnig gera staðsetningar nákvæmari og auðveldari þeim vinnu þar sem þau geta klárað skýrslur og annað í bílinum í gegnum tækið. Myndin var tekin þegar fulltrúar Lionsklúbbs Ólafsvíkur afhentu sjúkrabílstjórum gjöfina.



Umhverfiskorn

Á gæta Lionsfólk.

Umhverfisteymi Lions MD 109 vill hér með vekja athygli alls lionsfólks á, að í september mánuði verða í gangi nokkur verkefni sem við teljum að Lionshreyfingin eigi að taka þátt í, allt eftir efnunum og ástæðum. Ennfremur viljum við minna á, að umhverfismálin eru eitt af fimm aðal átaksverkefnum Lionshreyfingarinnar á alheimsvísu.

Þessi verkefni snúa bæði að því að vekja fólk til umhugsunar um hvað plastmengun er orðið alvarlegt vandamál í umhverfi okkar. Bæði þurfum við að minnka notkun á plasti og einnig að hreinsa plast úr umhverfinu bæði til sjós og lands. Það er ekki síður mikilvægt að hreinsa plast inn til landsins, enda endar megnið af því við stendur eða í hafinu.

Í fyrsta lagi er í gangi áróður fyrir „Plastlausum september“, sem er árverknisátak til að draga úr plastnotkun og þá sérstaklega einnota plasti sem oft er algjör óþarfi að nota. Fyrir þessu átaki stendur hópur sjálfbóðaliða, aðallega konur og fyrirhugað er að umhverfisráðherra muni setja átakið í Ráðhúsinu í Reykjavík þann 1. september nk. og er fólk hvatt til að fylgjast með fréttaplutningi þar að lútandi, sjá www.plastlausseptember.is

Í öðru lagi viljum við ítreka það sem við sögðum frá í dreifibréfi okkar til alls Lionsfólks í lok apríl sl. að í september eigi að verða alheimsátak í hreinsunarmálum og að það

verði svokallaður Alheimshreinsunardagur (World Cleanup Day) þann 15. september. Alheimshreyfingin "Let's Do It! World" stendur fyrir þessari alheimshreinsun og áætlað er að tugir milljóna sjálfbóðaliða hreinsi í a.m.k. 150 löndum taki þátt. Þetta er sennilega stærsta hreinsunaráttak sem ráðist hefur verið í heiminum og Ísland lætur ekki sitt eftir liggja.

Hér á landi er það World Cleanup Day Iceland (sem samanstendur m.a. af Landvernd, Bláa hernum, Plastlausum september, JCI Íslandi og plokkarahreyfingu Íslands), sem mun hvetja íslenskan almenning til hreinsunarstarfa um allt land í september og er hreinsuninni gerð skil á vefsíðu átaksins, hreinsumisland.is. Teymið mun væntanlega auglýsa átakið vel í öllum helstu fréttu- og samfélagsmiðlum landsins og koma verkefninu á framfæri við fjölmiðla og leiðbeina fólk um þátttöku, en mikilvægt er að fólk sé í samstarfi við gámastöðvar á svæðinu til að taka við því sem safnast, með ábyrgum hætti.

Lionsfólk er því hvatt til að taka þátt í þessum verkefnum og ef um skipulögð verkefni er að ræða, að gæta þess að vera vel merkt Lions, t.d. að vera í gulum vestum með Lionsmerkinu – þar sem það er til – eða með öðrum hætti.

Fyrir hönd umhverfisteymisins, en í því eiga sæti auk undirritaðs, umhverfisfull-

trúarnir Helgi Guðmundsson í Lionsklúbbnum um Geysi fyrir 109A og Jón Heiðar Daðason í Lionsklúbbnum Hæng fyrir 109B.

Með kveðju

Halldór Runólfsson Umhverfisstjóri Lions 109 MD

Lionsklúbbnum Fjörgyn



Lions orðalisti

LCI	=	The International Association of Lions Clubs = Alþjóðasamtök Lionsklúbba
LCIF	=	Lions Clubs International Foundation = Alþjóðahjálparsjóður Lionshreyfingarinnar
IP	=	International President = Alþjóðaforseti
IPIP	=	Immediate Past International President = Fráfarandi alþjóðaforseti
PIP	=	Past International President = Fyrirverandi alþjóðaforseti
1stVIP	=	First Vice International President = Fyrsti vara alþjóðaforseti
2ndVIP	=	Second Vice International President = Annar vara alþjóðaforseti
ID	=	International Director = Alþjóðastjórnarmaður
IPID	=	Immediate Past International Director = Fráfarandi alþjóðastjórnarmaður
PID	=	Fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður
CC	=	Council Chairperson = Fjölumðæmisstjóri
IPCC	=	Immediate Past Council Chairperson = Fráfarandi fjölumðæmisstjóri
PCC	=	Past Council Chairperson = Fyrirverandi fjölumðæmisstjóri
DG	=	District Governor = Umdæmisstjóri
IPDG	=	Immediate Past District Governor = Fráfarandi umdæmisstjóri
PDG	=	Past District Governor = Fyrirverandi umdæmisstjóri
1stVDG	=	First Vice District Governor = Fyrsti varaumdæmisstjóri
2ndVDG	=	Second Vice District Governor = Annar varaumdæmisstjóri
DGE	=	District Governor Elect = Kjör umdæmisstjóri
GLT	=	Global Leadership Team = Leiðtoga- og fræðslufulltrúi
GMT	=	Global Membership Team = Félagafulltrúi
GST	=	Global Service Team = Verkefnafulltrúi
IRC	=	International Understanding & Cooperation Chairperson = Alþjóðasamskiptafultrúi
YEC	=	Youth Camp and Exchange Chairperson = Unglingaskiptafultrúi
PRC	=	Public Relation & Lions Information Chairperson = Kynningarfulltrúi
LQC	=	Lions Quest Chairperson = Vímuvarnarfulltrúi
CS	=	Council Secretary = Fjölumðæmisritari
CT	=	Council Treasurer = Fjölumðæmisgjaldkeri
DS	=	District (Cabinet) Secretary = Umdæmisritari
DT	=	District (Cabinet) Treasurer = Umdæmisgjaldkeri
ZC	=	Zone Chairperson = Svæðisstjóri



Björn Guðmundsson, kynningarstjóri

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður

Lokafundur veturinn 2017-2018

Melvins Jones veitt

Lokafundur vetrar var haldinn á Cafe Mika í Reykholti, þar sem félagar, ásamt mökum, snæddu Villisveppa risotto með kjúkling og súkkulaðiköku á eftir.

Á þessum fundi var farið yfir Kótulettukvöldið okkar og vorum við glaðir með þátttökuna í mat og happadrætti.

Það var stjórn Lkl Skjaldbreiður ljúft, að veita Birgi Thomsen, Melvins Jones orðuna, en Ágúst Gunnarsson formaður veitti Birgi hana.

Birgir er vel að orðunni komin, þar sem að hann hefur verið starfandi í Lions síðan 1986, þegar hann gekk inn í Lkl. Álfтанess og flutti sig síðan í Skjaldbreiður árið 2007.

Krístín Þorfinnsdóttir Emblukona sagði lítilega frá LFC. Fóru allir sáttir og glaðir heim, eftir fundarslit.



Lionsklúbburinn Úa



Í vor heimsóttum við Björgunarsveitina Kyndil Mosfellsbæ og fengum Íað kynnst starfi þeirra, skoða búnað og aðstöðu. Við þetta tækifæri afhentum við björgunarsveitinni 2 tölvur sem minningargjöf um Svanhildi Porkelsdóttur, okkar góða félagu sem við misstum á síðasta ári.

Við völdum Stykkishólm sem aðal viðkomustað í árlegri vorferð. Eins og svo oft áður buðum við mökum með í þessa ferð. Kíktum við á nokkrum vel völdum stöðum í Borgarnesi og Borgarfirði á leiðinni og áttum yndislegan dag og kvöldstund saman.

Margt skemmtilegt er brallað í útivistinni okkar sem er þriðja mánu- dag í hverjum mánuði, það er gengið, spilað, hlegið og gert hvaðeina sem uppátekasama útivistarnefndin finnur upp á. Alltaf lýkur svo útivistinni á góðu og líflegu kaffispjalli.

Úlundurinn okkar vex og dafnar, en þangað förum við í gróður- setningarferð í byrjun júní ár hvert.

Í vor styrktum við Ásgarð handverkstæði, sem er verndaður vinnu- staður, með því að kaupa af þeim gullfallegan bekk sem við síðan gáfum Mosfellsbæ. Hinn 27. júní tók bæjarstjórinn formlega við bekknum og eins og sjá má á myndunum fór aldeilis ljómandi vel um hann á þess- um fína bekk. Bekkurinn er nú staðsettur á fallegum útivistarstað, Stekkjarflöt í Álafossvos.



Minning + Sveinn Snorrason



Stofnandi Njarðar Sveinn Snorrason hrl, lést að heimili sínu aðfararnótt 3. sept- ember 2018. Sveinn var einn af stofnendum Lions klúbbsins Njarðar þann 20.04.1960, og var ötull Lions maður og gekk til allra verka fyrir hreyfinguna. Hann var m.a. formaður Njarðar 1966 til 1967 og hlaut Melvin Jones viðurkenningu fyrir störf sín í maí 1990 og var formaður laganeftar Njarðar frá upphafi. Þá var hann ævifélagi okkar og svo hlaut hann Kjaransorðuna 2016. Sveinn sótti alla fundi og skemmt- anir Lionsklúbbsins Njarðar, jafnt jólaböll

sem Herrakvöld og alla fundi reglulega og tók virkan þátt í umræðum ávallt með góð ráð til heilla fyrir Lions. Hann sat m.a. fund með okkur 1. ágúst og var hress. Hann var mikill fjölskyldu maður, og átti marga „strengi í sinni Líru“ var m.a. margfaldur Íslandsmeistari í golfi. Minni hans var ótrúlegt, og fór hann oft með heilu kvæðabálkana utanbókar á fundum og mælti á Latínu er vel lá á sem oftast var.

Allir okkar félagar minnst hans sem einstaklega hjartahreins manns sem alltaf lagði vel til og fann leiðir til bóta og urðum við andlega ríkari

að eiga þennan höfðingja fyrir vin og ekki var það neitt öðruvísi á hans síðasta fundi hjá okkur. Við vissum að hann hafði lengi haft hjartakvilla og hann vissi hvert stefndi og hafði m.a. sagt bæði í gamni og alvöru að hann hefði fyrir löngu skipulagt útför sína.

Við sendum Ellen eftirlifandi eiginkonu og fjölskyldu Sveins okkar innilegustu samúðarkveðjur, hver og einn og sem Njarðarfélagar og ekki síst til tengdasonar hans Jóhanns Friðbjörnssonar sem Sveinn mælti með í klúbbinn og er enn einn af okkar góðu félögum. Verðugri minningagrein um Svein mun birtast síðar af þeim sem þekkt hafa hann lengst, en þar sem hann gætti þess að kveðja 3 dögum fyrir næsta fund og útgáfu lionsbladsins er það í hans anda að gera strax skil á því sem orðið er og verður.

Blessuð sé minnings þessa höfðingja Sveins Snorrasonar hrl.
Fyrir hönd Lions klúbbsins Njarðar
Arnar Hauksson ritstjóri Njarðarfrétta.

Fögnum árangrinum með Guðrúnu – í Mílanó

Kristinn Hannesson

Protokol- og þingstjóri, Lkl. Mos



Þetta kann að hljóma undarlega nú þegar Guðrún hefur nýlega tekið við embætti alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar. Ástæðan er þó sú að ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

Líkt og í fyrra hyggjumst við nú hvetja til hópferðar á næsta alþjóðþing Lionshreyfingarinnar sem verður í Mílanó á Ítalíu dagana 5. – 9. júlí næstkomandi, en þar lætur Guðrún af embætti og nýr alþjóðaforseti, Dr. Jung-Yul Choi tekur við af henni.

Þó að þetta sé í okkar huga kannski ekki jafn stór viðburður og þegar Guðrún tók við embættinu í Las Vegas þá væri vissulega vel við hæfi að fjölmenna til Mílanó. Það er heldur ekki svo oft sem alþjóðþing eru haldin svona nálægt okkur. Það eru að minnsta kosti átta ár þar til það gerist næst.

Mílanó er 2600 ára gömul borg, talin hafa verið stofnuð árið 600 fyrir Krist. Þar eru ýmsar fornar byggingar og margt sem gleður augað. Má til dæmis nefna Dómkirkjuna í Mílanó sem er stærsta gotneska kirkja í heiminum og Óperuhúsið Scala. Fornu byggingarnar eru óteljandi en þar eru líka nýttísku byggingar eins og CityLife.

Frá Mílanó eru svo auðvelt að skreppa í dagsferðir til til borga eins og Flórens og Feneyja.

Gisting og kostnaður

Gert er ráð fyrir að íslenskir Lionsfélagar gisti annað hvort á Milan Marriott Hotel (líklegra) eða Melia Milano Hotel. Bæði þessi hótél eru í þægilegri fjarlægð frá þingstaðnum.

Miðað við gistingu á öðru hvoru þessara hótela má gera ráð fyrir að kostnaður verði nálægt því sem hér segir:

Skráningargjald = 150\$ = 16.000 kr. (greitt er bæði fyrir þátttakanda og maka)
Gisting = 198\$ = 21.000 kr. + skattar per nótt fyrir tveggja manna herbergi án morgunverðar.

Norræna kynningarkvöldið = 60\$ = 6.600 kr. (tveggja – þriggja rétta kvöldverður)

Norræna Hospitality Room = 25\$ = 2.700 kr.

Vesti fyrir skrudgöngu = 1.400 kr.

Buxur / pils fyrir skrudgöngu = 5.000 kr. (áætlun)

Einnig má bæta við til dæmis:

Melvin Jones hádegisverði sem kostar líklega nálægt 75\$ = 8.000 kr., á mann.

Hátíðarkvöldverði fyrrv. umdæmisstjóra sem kostar líklega nálægt 135\$ = 14.500 kr. á mann

Athugið að þessi verð (nema skráningargjald og gisting) eru enn óstaðfest en breytast væntanlega ekki mikið. Verðin í íslenskum krónum miðast við gengið 3. september 2018.

Ferðamöguleikar

Það eru fjölmargir ferðamöguleikar sem hægt væri að velja um.

Beint flug til Mílanó með Icelandair kostar frá kr. 40.000 kr. á mann báðar leiðir.

Skemmtilegir möguleikar eru að fljúga til dæmis til Genf, München eða Zurich og taka bílaleigubíl. Gríðarlega fallegir staðir á leiðinni. Fjölmargir gistimöguleikar í fallegum fjallaþorpum. Aksturinn frá þessum borgum til Mílanó tekur 4 – 6 klukkustundir.

WOW air mun vafalaust einnig fljúga til einhverra borga nálægt Mílanó en þær upplýsingar liggja ekki fyrir á þeirra heimasíðu þegar þetta er skrifað.

Vekjum athygli á að æskilegt er að allir séu mættir ekki síðar en 4. júlí.

Skráning

Skráningar vegna þingsins þurfa helst að berast í síðasta lagi 1. desember næstkomandi. Það er til að tryggja að allir fái gistingu á sama hóteli.

Varðandi skráningu skal hafa samband við Kristinn Hannesson í síma 896 6883 eða með tölvupósti kristinnhannesson@simnet.is.

Við munum ekki hafa umsjón með ferðaskráningum að þessu sinni en getum aðstoðað þá sem óska eftir því. Bendum áhugasömum á að skoða þá möguleika sem eru í boði hjá Icelandair og WOW air.



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Úlfur Atlason, Guðjón Þórir Þorvaldsson, fráfarandi formaður og Magnús Ágústsson.



Ný stjórn: Björgúlfur Þorsteinsson, Ívar Þórarinnsson og Gissur Júní Kristjánsson, ásamt dótturdætrum Björgúlfis, þeim Auði Lilju og Hallgerði Maríu.



Í sumarferðinni var boðið var uppá kraftmikla súpu í Fríðheimum.



Lions- Lundurinn göði fyrir ofan Hafnarfjörð.

Nú þegar halla fer að hausti eftir mikið rigningarsumar hér á suðvesturhorninu, förum við að huga að vetrastarfinu og undirbúa fyrsta fund, sem verður 13. september. Þótt sumarið hafi verið vætusamt og lítið farið fyrir sólarlægum er mikil birta í huga okkar lionsmanna, þegar við fögnum nýjum alþjóðaforseta. Í sumar, eins og öllum er þegar kunnugt var Guðrún Björt Yngvadóttir, Lk. Eik kosin alþjóðaforseti Lions. Framboð hennar hefur vakið ómælda athygli um allan heim og ekki síður hér heima, við erum stolt af þessari konu og munum styðja hana og styrkja eftir því sem geta okkar leyfir, hún er hugljómi okkar lionsfélaga. Við félagarnir í Lk. H. óskum henni velgengni og allra blessunar í veigamiklu starfi, ásamt þeim er með henni starfa.

Klúbburinn er með land í fóstri fyrir ofan Hafnarfjörð. Í sumar hafa fáir þurrir dagar gert okkur það mögulegt að huga að landi okkar eins og við höfum venjulega gert, samt erum við búnir að slá og klippa tré. Þessi reitur okkar

er orðinn býsna fallegur og skjólsæll og er að verða vinsæll áningarstaður og dregur að sér utan að komandi fólk, með hunda sem skilið hafa misvel við svæðið.

Klúbburinn hefur styrkt Björgunarsveit Hafnarfjarðar um nokkur árabíl. Við bættum um betur í vor og færðum sveitinni veglegan styrk sem ætlaður er að standa straum af rekstri leitarhunds sem þeir hafa verið með í þjálfun. Á síðasta ári festi sveitin kaup á nýjum leitarhundi, henni Urtu sem þá var rúmlega ársögmul og kom frá Ungverjalandi. Hún hefur síðan verið í þjálfun hjá Þórir Sigurhanssyni björgunarsveitarmanni, hann sagði okkur að Urtu hefði nú í vor farið í fyrstu alvöru leitina og reynst mjög vel. Mikill tími og fjármunir fara í þjálfun leitarhunda. Aðrir aðilar hafa einnig fengið góða aðstoð.

Eftir því sem við best vitum er í klúbbnum okkar elsti og yngsti lionsfélagi á landinu, það eru þeir Magnús Ágústsson sem er 91 árs og Úlfur Atlason 19 ára, sem kom í klúbbinn á

síðasta vetri.

Sumarferð var farin í byrjun sumars og var farið að þessu sinni á nýja eldfjallasafnið við Hvolsvöll, afskaplega áhugavert, vel upp sett og fræðandi sýning. Af því loknu var farið á Hótel Selfoss, þar sem flottur kvöldverður beið okkar og að venju voru stjórnarskipti á þessum lokafundi okkar. Við sama tækifæri var þeim er þessar línur skrifa, sæmdur Progressive Melvin Jones demants viðurkenningu, sem er í raun árétting klúbbsins um góð störf félagsins.

Stjórn klúbbsins skipa þeir: Ívar Þórarinnsson formaður, Gissur Júní Kristjánsson ritari og Björgúlfur Þorsteinsson gjaldkeri. Fundarstaður er að Ásvöllum og eru fundir annan og þriðja hvern fimmtudag. Með Lions kveðju og óskir til Lions fólks um farsæld í starfi á komandi vetri.

*Fríðgeir H. Guðmundsson
Blaðafulltrúi LKH.*

Lionsblaðið – Aðferð við dreifingu, könnun

Ýmsar leiðir hafa verið farnar við dreifingu prentaða lionsblaðsins til félagsmanna með misjöfnum árangri. Sú leið að senda hverjum og einum blaðið í pósti er sú árangursríkasta á því er enginn vafi. Þar sem kostnaður við þessa dreifingaleið er mikill verður ekki farið út í hana aftur á kostnað hreyfingarinnar. Útgáfa blaðsins hefur verið þung þar sem styrkur sem fæst frá alþjóðahreyfingunni dugir varla fyrir prentunarkostnaði hvað þá heldur póstsendingakostnaði sem er mikill. Fjölmæmisstjórn (umdæmisráð) síðasta starfsárs tók þá ákvörðun og hætta að senda blaðið í pósti til félagsmanna og senda frekar öll blöð til formanna sem eiga síðan að sjá um að dreifa til félagsmanna með undantekningu formanna á höfuðborgarsvæðinu en þeir áttu að nálgast blöðin á skrifstofu og sjá um dreifingu. Því miður þá er nokkuð um það

að blöð berast ekki félagsmönnum og við það getum við ekki búið því það er ekki til neins að gefa út blað sé það ekki lesið. Umdæmisráð hefur því í samráði við ritstjóra ákveðið að gera könnun meðal félagsmanna um dreifinguna sem við vonum að þið svarið fljótt og vel. Könnunin sem send verður út til formanna og ritara fylgir greininni svo þið getið áttað ykkur á hvernig hún lítur út. Síðan mun ég ganga eftir því við formenn/ritara að skila mér svörum allra. Umdæmisráð tekur síðan ákvörðun um framhaldið.



SÝNISHORN-SÝNISHORN-SÝNISHORN-SÝNISHORN

Lionsblaðið

Könnun með lionsfélaga

Nokkur brögð eru á því að blaðið berist ekki hinum almenna félagsmanni vegna aðferðar í dreifingu. Það er í raun til lítils að vera gefa út blað fyrir félagsmenn ef þeir hafi ekki tök á að lesa það. Í þessari könnun ætla ég að reyna að komast því hvaða leið er best til þess að dreifa blaðinu. Hér koma nokkrar spurningar sem ég bið ykkur um að svara og formenn að taka saman svör og senda mér.

- | | |
|---|---------|
| 1. Lestu blaðið reglulega? | Já () |
| | Nei () |
| 2. Viltu fá prentaða blaðið sent til þín pósti og greiða sjálf/ur fyrir póstsendingu? | Já () |
| | Nei () |
| 3. Afpakkar þú að fá prentað blað en ætlar að lesa það í smáforriti eða í pdf formi? | Já () |
| | Nei () |
| 4. Viltu fá blaðið sent í pdf formi í netpósti? | Já () |
| | Nei () |

Til þess að fá sem réttustu myndina af vilja félagsmanna þá þarf svörun að vera mjög góð þannig að ég bið formenn að ganga eftir svörum félagsmanna hvort sem það er gert á fundi eða með símtali til hvers og eins. Ritstjóri tekur ekki ákvörðun um dreifinguna það mun umdæmisráð gera og til þess að auðvelda þeim að taka ákvörðun sem er sem næst vilja félaga þá þurfa svör að berast fljótt og vel.

Að lokum hvet ég alla félagsmenn að lesa blaðið ávallt og sérstaklega að lesa skilaboð umdæmisráðs (fjölmæmisstjóra og umdæmisstjóra A og B) og greinar forseta því í þeim greinum eru upplýsingar sem þurfum að fara eftir í starfinu.

Þorkell Cýrusson ritstjóri Lionsblaðsins

SÝNISHORN-SÝNISHORN-SÝNISHORN-SÝNISHORN

Söfnun fyrir Grensásdeild

Lionsklúbburinn Fjöltnir hóf nýlega söfnun fyrir endurhæfingardeild Landspítala við Grensásveg. Tilgangur söfnunarinnar er að gera deildinni kleift að endurnýja nauðsynleg tæki og búnað. Deildin tók til starfa fyrir 45 árum og á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun hennar hefur engu verið bætt við húsnæði hennar utan viðbyggingar fyrir sundlaug fyrir nær 20 árum. Á sama tíma hefur landsmönnum fjölgað um nær 50% og þörfin fyrir þjónustu deildarinnar enn meira. Nú hafa verið gerðar í góðu samstarfi við yfirstjórn Landspítalans áætlanir um stækun deildarinnar með viðbyggingu vestan við núverandi hús. Vonir standa til að þessi viðbygging verði byggð á næstu fáum árum en til þess að svo verði þarf fjárveitingavaldið að koma að málinu með öflugum stuðningi.

Engum blandast hugur um, að á Grensásdeild er unnið mjög mikilvægt starf og mikil þörf er á að hlúa að starfseminni og efla hana eins og kostur er. Grensásdeild þjónar sjúklingum af öllu landinu, á hverju ári koma þangað yfir 400 sjúklingar. Hér er um mjög þjóðhagslega arðbæra starfsemi að ræða því þeim mun fleiri sem endurhæfing skilar til starfa á ný eða gerir sjálfbjarga bætir hag þjóðarinnar allrar. Athugun sem gerð var fyrir nokkrum árum sýndi að þá hurfu að meðaltali á hverju ári um fjórðungur þeirra sjúklinga, sem útskrifuðust af Grensásdeild, til starfa á ný en ekki er síður vert að benda á þau auknu lífsgæði sem endurhæfing skilar sjúklingum og aldrei verða metin til fjár.

Mikið álag er á öllum búnaði deildarinnar, bæði sjúkrarúmum, hjólastólum og æfingataekjum og tæknilegar framfarir gera ekki síður nauðsynlegt að endurnýja þennan búnað reglulega. Margir lionsklúbbar hafa ekki látið sinn hlut eftir liggja og verður framlag þeirra seint fullmetið að verðleikum. Lionsklúbburinn Fjöltnir hefur áður komið að



söfnun til tækjakaupa fyrir Grensásdeild en fyrir þremur árum safnaði klúbburinn í samstarfi við Hollvini Grensásdeildar um 8 millj. kr. fyrir deildina. Söfnunin nú fer fram með símasölu geisladiska og mun standa yfir fram að áramótum.

*Ottó Schopka,
Félagi í Lkl. Fjöltni og í stjórn
Holloina Grensásdeildar*

Lionsklúbbur Keflavíkur

Á síðasta starfsári stóð stjórn Lionsklúbbs Keflavíkur fyrir því að koma upp minningarsteini um þá félagar okkar sem fallnir eru frá. Það er við hæfi að halda á lofti minningu þeirra fjölmörgu lionsfélaga sem eru ekki með okkur lengur en hafa lagt sitt af mörkum til samfélagsins í gegnum lionsstarfið.

Að morgni 12. maí síðastliðinn komu lionsfélagar og makar saman við steininn, þar sem ekkja eins félaga okkar sá um að afhjúpa hann. Séra Erla Guðmundsdóttir sóknarprestur í Keflavík talaði til okkar og blessaði stundina. Hún minntist afa síns og þeirrar gleði og ánægju sem lionsstarfið gaf honum. Við þökkum öllum þeim sem komu að þessu verkefni okkar.

Þjörgvin Skarphéðinsson gjaldkeri Lionsklúbbs Keflavíkur.



Munum alþjóðarhjálparsjóðinn LCIF

Ungmennabúðirnar í Borgarnesi og Mosfellsbæ 2018



Klúbarnir sem sáu um búðirnar voru Lkl. Borgarnes- Lkl. Agla Borgarnesi- Lkl. Úa Mosfellsbæ- Lkl. Mosfellsbæjar-og Lkl. Fold.

Ungmennin sem komu þetta árið 5. júlí voru 10, 6 stúlkur og 4 drengir á aldrinum 17-20 ára. Þau komu frá Noregi-Danmörku-Svíþjóð-Sviss-Ítalíu-Ungverjalandi-Pýskalandi-Hollandi-Austurríki og Belgíu. Fyrstu vikuna voru þau í heimagistingu, öllum krökkunum fannst sá tími mjög skemmtilegur og lærdómsríkur.

Síðan lá leiðin í Borgarnes þar sem þau voru 12.-19. júlí. Þau mættu um þangað kl. 18 og höfðu aðsetur og gistu í grunnskólanum í Borgarnesi, þar var m.a. aðstaða til að elda, þvottavélar til að þvo þvott og fleira. Þau heimsóttu Landnámssetrið í Borgarnesi og sáu m.a. sýningar sem þar eru í boði, fóru á hestbak hjá Guðrúnu Fjeldsted í Ferjukoti, keyrðu hring um Borgarfjörð og skoðuðu m.a. Hraunfossa, Deildartunguhver, Glanna, höfðu 1 frjálstan dag. Þau ferðudust öll saman í rútu um Snæfellsnes þar sem m.a. var skoðað Ölkeldan á Ölkeldu í Staðarsveit, Selafjöruna í Ytri-

-Tungu í Staðarsveit, Hestamiðstöðin Lýsuhóll í Staðarsveit, gullsandsfjaran og gamla kirkjan á Búðum í Staðarsveit, Rauðfeldargjá og Arnarstapi í Breiðuvík. Fóru í fjallgöngu upp á Hafnarfjall og að lokum var þeim boðið í Straumfjörð, að skoða, veiða og grilla. Þau fengu strax aðgang að wifi í skólanum í Borgarnesi og þeim fannst frábært að geta komist á netið. Krakkarnir nýttu sundlauginu og íþróttahúsið í Borgarnesi mjög vel, og voru afar ánægð með að hafa frjálstan aðgang í sund og þreksalinn þar.

Síðustu vikuna voru þau í Mosfellsbæ, 19.-26. júlí. Gisting var í íþróttahúsinu að Varmá.

Dagská vikuna sem þau voru í Mosfellsbæ: 20. júlí var farið í skoðunarferð um næsta nágrenni og sundlaugin að Lágafelli skoðuð og krökkunum afhend sundkort sem þau vildu fá að nota strax. Síðla dags var svo farið í hella-skoðun - 21. júlí var farið í keiluhöllina - 22. júlí dagsferð í gullna hringinn, 23. júlí var borgarferð þar sem skoðuð var Hallgrímskirkja og næsta nágrenni Reykjavíkur skoðuð úr turnin-

um og síðan frjáls tími í búðir - 24. júlí farið í skógarferð í Heiðmörk og grillað og fl. - 25. júlí sem var lokadagur var farið í Peluna og fl.

Það voru miklir vinir sem kvöddu okkur að lokum og sögðust atla að koma til Íslands aftur, einnig voru þau búin að ákveða að halda sambandinu sín á milli. Eins og einn í hópnum orðaði það, ég bjóst ekki við miklu þegar ég kom, en landið og fólkíð heillaði mig. Við í Lkl. fimm sem sáu um búðirnar erum sammála um að þetta var afar skemmtilegur tími með einstaklega vel gerðum ungmennum. Við hvetjum Lkl. um allt land til að vinna að svona gefandi verkefni á komandi árum.

Bestu þakkir til ykkar allra sem komu að þessu gefandi verkefni.

*Með Lionskveðju
Bragi Ragnarsson
Svæðisstjóri 109 B*